



2024
Ársskýrsla



© Siðmennt, félag siðrænna
húmanista á Íslandi
Laugarvegur 178
105 Reykjavík

533-5550
sidmennt.is

Ábyrgð: Guðrún Þóra Arnardóttir
Prófarkalestur: Mörður Árnason
Ljósmyndir: Alavari Jeevathol, Anna Isabella, Eyjólfur
Örn Snjólfsson, Haraldur Jónasson, Inga Auðbjörg K.
Straumland, Joan Costa, Karitas Sveina Guðjónsdóttir
Umbrot: Inga Auðbjörg K. Straumland

Efnisyfirlit

Ávarp formanns	4
Ávarp framkvæmdastjóra	6
Innra starf	8
Athafnaþjónusta	11
Borgaraleg ferling	15
Alþjóðastarf og viðburðir	19
Baráttan fyrir veraldlegu samfélagi	26
Fjármál og ársreikningar	29

“

Baráttan fyrir bættum heimi er erfið og það er mikilvægt að tilheyra samfélagi þar sem fólk styður þig, skilur þig og virðir þig. Vonandi getur félagið okkar verið það samfélag og skjól.

”

Inga Auðbjörg K. Straumland
formaður

Ávarp formanns

Húmanismi í harðnandi heimi

Þegar ég eignaðist mitt fyrsta og eina barn, árið 2018, blossuðu upp allskyns tilfinningar og kvíði. Allt í einu virtist heimurinn svo hættulegur, og einhvernveginn ótrúlegt að það yrði bara yfirhöfuð hægt að vernda þetta litla kríli fyrir öllum þeim háska sem í umhverfinu finnst. Þennan kvíða þekkja vafalaust flestir foreldrar, þó hann réni yfirleitt eftir því sem á líður uppeldið og við áttum okkur á að börn eru almennt lífseig, og heimurinn öruggari en hugmyndaflug ósofínna ungbarnaforeldra endurspeglar. Eitt öflugasta tólið í baráttunni við þennan kvíða kom úr heldur óvæntri átt. Ég las bókina *Raunvitund* eða *Factfulness* eftir hinn sænska Hans Rosling, sem sannaði fyrir lesandanum að heimurinn færi alls ekki versnandi og að auðvelt væri að komast að þeirri niðurstöðu, ef skynseminni væri beitt. Raunar væri flest á uppleið, og það eina sem þyrfti til að takast á við ástand heimsins af bjartsýni, frekar en svartsýni, væri að kynna sér tölfræðigögn sem sýndu að við hefðum tekið risastór skref í umbótum á lífskjörum okkar allra. Auðvitað er þetta rétt að mörgu leyti; ungbarnadauði hefur snarminnkað og fleiri stelpur hefja skólagöngu en nokkru sinni fyrr. Og akkúrat þarna var þetta það sem ég þurfti að heyra. Ef lífslíkur barna um alla jörð væru að aukast, þá hlyti ég að geta verndað litla barnið mitt, með risaskammti af ást, og öllum þeim forréttindum sem drengurinn fékk í vöggugjöf.

Nú er barnið mitt að verða 7 ára, rétt eins og bók Roslings. Ævi sonar míns er ekki löng, en óhætt er að fullyrða að þessi örfáu ár verði viðamikil umfjöllunarefni í sögubókum framtíðarinnar. Heimsfaraldur og svo þjóðarmorð í beinni útsendingu. Hálfgerð hallarbylting virðist standa yfir í ríkinu vestan við okkur og atburðarás síðustu vikna minnir meira á lélega Netflix-mynd en raunveruleikann. Íhaldsöfl auka

ítök sín í samfélagslegum stofnunum og þringja að mannréttindum jaðarsettra hópa; ekki bara utan litlu frjálslyndu eyjunnar okkar, heldur innan hennar líka. Það er mér allavega lífsins ómögulegt að halda bjartsýnisgleraugum Roslings á nefinu og horfa á heiminn í rósrauðum bjarma.

Aldrei hefur húmanísk heimssýn verið mikilvægari. Nú reynir á okkur öll. Við þurfum að berjast gegn afmennskun og afturför. Við þurfum að láta í okkur heyra og stinga við fótum gagnvart hverskonar mannréttindabrotum. Við þurfum að rétta út höndina til þeirra sem þurfa hönd til að halda í. Við þurfum að styðja, vernda, hugga, hlusta, læra og endurlæra. Þetta gera húmanistar á hverjum degi, og vissulega einnig ótal manneskjur með allskonar lífsskoðanir.

Starfsemi félagasamtaka eins og Siðmenntar snýst oft hlutfallslega meira um Excel-skjöl en um húmanísk baráttumál. En Siðmennt er svo mikið meira en rekstur og verkferlar, athafnir og ársreikningar. Siðmennt er fólkið — við erum Siðmennt. Félagar Siðmenntar sýna húmanisma í verki á hverjum degi. Fermingarleiðbeinendur skapa vettvang fyrir unglinga til að velta fyrir sér heimsmálunum, siðfræði og mannréttindum, sem vonandi gerir fær um að takast á við áskoranir okkar tíma — og framtíðarinnar. Við sjáum almennt félagsfólk í brúnni hjá allskonar mannréttindasamtökum og baráttuverkefnum. Og þótt rekstur félagsins fari aðallega í að halda úti þjónustu við félagsfólk reynum við á hverju ári að styðja góð málefni sem skapa skilyrði fyrir batnandi heimi.

Ég vona að við berum gæfu til þess að taka höndum saman á komandi árum og stöðva þessa þróun. En baráttan fyrir bættum heimi er erfið og það er mikilvægt að tilheyra samfélagi þar sem fólk styður þig, skilur þig og virðir þig. Vonandi getur félagið okkar verið það samfélag og skjól.

Allra helst vona ég þó að þegar sonur minn les sögubækurnar í menntaskóla eftir áratug, þá geti hann litið til baka og séð ummerki þess að mennskan hafi sigrað.

Yngja Straumland



Guðrún Þóra Arnardóttir
framkvæmdastýra

Fólk og félag

Klukkan er 6 um morgun á Keflavíkurlugvelli og ég sit ásamt vinnufélögum og stjórnarmeðlimum Siðmenntar, sem ég hafði hitt í fyrsta sinn nokkrum mínútum áður, og bíð eftir að ganga um borð í flugvél á leið til Kaupmannahafnar þar sem við munum vera þátttakendur á Heimsþingi húmanista. Þó ég hafi alltaf vitað af borgaralegu fermingunum þá var þetta ein af mínum fyrstu upplifunum af starfi Siðmenntar. Síðan þá hef ég verið þeirrar gæfu aðnjótandi að fá að kynnst starfi félagsins í grunninn.

Árið 2024 var á stundum stórvíðrasamt. Við þurftum að takast á við allskyns áskoranir, eins og fylgir starfsemi félagasamtaka. En þetta var líka ár nýjunga, gleðistunda og framfara. Við innleiddum nýtt námsefni fyrir fermingarfræðslu félagsins og réðum inn nýja fermingarleiðbeinendur. Leiðbeinendahópurinn er þéttur og metnaðarfullur, og öll leggja þau hjarta sitt í að fræða, leiðbeina og eiga samræður við fermingarborn sem vilja vita meira um heiminn og samfélagið.

Á vordögum tókum við á móti hópi norræns samstarfsfólks okkar á árlegum fundi

“

Það er okkar að gera okkar besta til að byggja upp þjónustu og félagsstarf, vera málsvari húmanista og skynsemisrödd í erfiðum málum.

”

norrænna húmanistasamtaka. Þetta var fyrsti fundur þessa óformlega tengslanets eftir Heimsþing húmanista sem við höldum saman í Kaupmannahöfn sumarið 2023 og því tímabært að taka stöðuna, endurmeta samstarfið og leggja línurnar fyrir næstu verkefni. Skosk samtök húmanista sendu fulltrúa á fundinn í fyrsta skipti og það var virkilega mikilvægt að treysta þessi bönd með því að hittast svona í eigin persónu.

Ég hef einnig fengið að kynnst fólkinu sem stendur að baki Siðmennt. Fjölbreyttum fermingarleiðbeinendum og skapandi athafnastjórum. Félögum sem láta sig málefni félagsins varða, og fólkinu sem byggði þetta félag upp. Þjónustuþegum og fjölskyldum, sem fyllast þakklæti yfir þeim valkostum sem félagið býður upp á.

Siðmennt er mikilvægur hluti af íslensku samfélagi og samfélagi húmanista um allan heim. Það er okkar að gera okkar besta til að byggja upp þjónustu og félagsstarf, vera málsvari húmanista og skynsemisrödd í erfiðum málum. Það er mér mikill heiður að fá að taka þátt í því.

Innra starf

Starfsfólk

Fyrir utan fasta starfsmenn á skrifstofu starfar töluverður fjöldi verktaka fyrir félagið, sem athafnasgjórar og leiðbeinendur við fermingarfræðslu, eða um 70 einstaklingar alls.



Framkvæmdastýra

Framkvæmdastjóri stýrir daglegu starfi félagsins, fer með rekstur og mannauðsmál, svarar fyrirspurnum og sér um að framfylgja samþykktum stjórnar. Framkvæmdastjóri Siðmenntar fyrri hluta árs var Eyjólfur Örn Snjólfsson sem lauk störfum í maí 2024. Við starfi framkvæmdastjóra tók Guðrún Þóra Arnardóttir, áður verkefnastýra athafnaþjónustu hjá Siðmennt.



Verkefnastýra borgaralegra ferminga

Verkefnastýra borgaralegra ferminga sinnir allri skipulagningu og umsýslu vegna fermingarfræðslu og fermingarathafna. Jafnframt sér hún um öll samskipti og upplýsingagjöf við foreldra og leiðbeinendur. Jóna María Ólafsdóttir hóf störf í janúar 2024 og var verkefnastýra borgaralegra ferminga árið 2024.



Verkefnastýra athafnaþjónustu

Verkefnastýra athafnaþjónustu hefur yfirumsjón með athafnaþjónustu annarri en hópfermingum. Jafnframt sér hún um samskipti við þjónustuþega athafnaþjónustu, markaðssetningu athafnaþjónustu og þjálfun athafnastjóra. Hún situr í athafnaráði Siðmenntar, og sinnir að auki tilfallandi verkefnum. Fyrri helming ársins gegndi Guðrún Þóra Arnardóttir hlutverkinu, en hún var ráðin sumarið 2023. Heiðrún Arna Friðriksdóttir tók við keflinu í september 2024. Heiðrún Arna hafði áður unnið hjá Siðmennt sem verkefnastýra borgaralegra ferminga og þekkir starfsemi félagsins því mjög vel.

*Ragnar Ísleifur Bragason,
athafnastjóri og Jóna María
Ólafsdóttir, verkefnastýra
ferminga á góðri stund
í Hörpu.*

Skrifstofurekstur

Félagið hefur frá hausti 2022 haft aðsetur á 2. hæð á Laugavegi 178. Félagið á ekki eigið húsnæði og leigir því skrifstofuhúsnæði og aðra aðstöðu. Fyrir utan að hýsa skrifstofu félagsins þá er aðsetrið endrum og sinnum notað fyrir hjónavígslur, til fundahalda og einstaka sinnum fyrir tækifærisviðburði eins og vísindaferðir húmanískt þenkjandi háskólanema.

Stjórn Siðmenntar

Stjórn Siðmenntar fer með æðsta vald í félaginu á milli aðalfunda. Fyrri hluta árs hittist stjórnin að jafnaði einu sinni í mánuði en seinni hluta árs hittist stjórnin að jafnaði á tveggja vikna fresti. Stjórnin átti í 18 formlega fundi árið 2024. Fundargerðir stjórnar eru birtar á vef félagsins.

2024-2025

Aðalstjórn

Inga Auðbjörg K. Straumland
Sigurður Rúnarsson
Erla Sigurlaug Sigurðardóttir
Kistrún Ýr Einarsdóttir
Viggó E. Viðarsson

Varafultrúar

Árni Grétar Jóhannsson
Benedikt Sigurðarson
Helga Bára Bragadóttir
Mörður Árnason

2023-2024

Aðalstjórn


Inga Auðbjörg K. Straumland
Arnar Snæberg Jónsson
Kristín Sævarsdóttir
Kristín Helga Schiöth
Sigurður Rúnarsson

Varafultrúar

Hope Knútsson
Helga Bára Bragadóttir
Mörður Árnason
Guðni Rúnar Jónasson



Þróun félagafjölda frá 2014



Myndin sýnir fjölda félaga árin 2014–2024. Félagið hefur vaxið mjög ört síðan það fékk skráningu sem lífsskoðunarfélag.

Ráð og nefndir

Athafnaráð

Hlutverk athafnaráðs er að móta athafnaþjónustu félagsins, meta þörf á þjálfun og stuðla að auknum gæðum.

Athafnaráð 2023-2024

Arnar Snæberg Jónsson, formaður
Anna Brynja Baldursdóttir
Bæring Jón Breiðfjörð Guðmundsson
Margrét Gauja Magnúsdóttir
Ragnar Ísleifur Bragason

Athafnaráð 2023-2025

Margrét Gauja Magnúsdóttir
Ragnar Ísleifur Bragason
Selma Björnsdóttir

Aðalfundur

Aðalfundur Siðmenntar 2024 var haldinn fimmtudaginn 21. mars frá kl. 17 í sal Bláðamannafélags Íslands, Síðumúla 26.

Fjöldi félaga

Hinn 1. desember 2024 voru félagar orðnir 6.138. Rétt eins og fyrri ár var Siðmennt í mestri sókn af stærri trúar- og lífsskoðunarfélögum.

Frá því að félagið fékk opinbera skráningu sem lífsskoðunarfélag vorið 2013 hefur fjöldi félaga tugfaldast. Félagar voru um 300 talsins við lögformlega skráningu félagsins. Við skrifum þessa fjölgun ekki síst á fagmennsku erindrekanna okkar; athafnastjóra og fermingarleiðbeinenda, sem á gleði- og sorgarstundum í lífi fólks halda uppi nafni og hugsjón Siðmenntar um allt land.



Athafnarpjónusta



Athafna- þjónusta

Athöfnum fækkar á milli ára og eru alls 452 árið 2024 samanborið við 536 árið á undan. Útförum og athöfnum þar sem gifting og nafngjöf eru sameinuð hefur fjölgað, en öðrum athöfnum hefur fækkað.

Athafnastjórar

Í lok árs voru 45 athafnastjórar með gild vígsluréttindi. Svólitill hluti þeirra er óvirkur af ýmsum ástæðum. Síðmennt sinnir athöfnum um allt land, en flestir athafnastjórnanna eru búsettir á suðvesturhorninu. Auk höfuðborgarsvæðisins hefur félagið á að skipa athafnastjórum í Sandgerði, Borgarnesi, á Snæfellsnesi, Patreksfirði, Ísafirði, Dalvík, Akureyri, Höfn í Hornafirði og Rangárvöllum, í Laugalandi í Holtum og Vestmannaeyjum.

Virgni og vígsluréttindi athafnarstjóra

Verklagsreglur um virkniviðmið og verklag við endurkomu athafnastjóra voru samþykktar í stjórn í nóvember og gefnar út á vef félagsins í desember. Markmiðið er að tryggja lágmarksvirkni athafnastjóra hjá félaginu, skapa öflugri tengsl milli athafnastjórnanna og ýta undir sérstöðu Síðmenntar sem veitanda húmanískrar athafnaþjónustu. Í reglunum er einnig kveðið á um endurnýjun vígsluréttinda og hefur verið skapað ákveðið ferli til að tryggja sanngirni og gagnsæi við þessa endurnýjun. Einnig eykur þetta yfirsýn um stöðu athafnastjórnanna, og verkefnastjóri hefur skilgreint ferli til að vinna út frá.

Einfaldar giftingar í Ráðhúsi Reykjavíkur

Um haustið byrjuðum við að bjóða upp á einfaldar giftingar í Ráðhúsinu, einn föstudag í mánuði í september og nóvember. Þessu var ætlað að mæta aukinni þörf þjónustupega á einföldum skrifstofugiftingum. Nýbreytninni var vel tekið og nýttu alls 7 pör sér þessa þjónustu. Áður en árinu lauk höfðu 3 pör skráð sig á næstu dagsetningar, sem eru í febrúar og mars 2025.

Hoppað í hnapphelduna


Föstudaginn 21. júní hélt Siðmennt í þriðja sinn viðburðinn Hoppað í hnapphelduna þegar 25 pör giftu sig hvert á fætur öðru á átta klukkustunda tímabili. Eitt parið var þó að endurnýja heitin, en svo skemmtilega vildi til að 10 ára brúðkaupsafmæli þeirra var sama daginn.

Athafnir voru bókaðar á 15 mínútna fresti, frá kl. 9 til 17, og fóru fram í Tjarnarsalnum í Ráðhúsinu. Í boði var lífandi tónlist og pörum bauðst að velja sér lag sem leikið var sérstaklega fyrir þau í upphafi athafnar. Að athöfn lokinni bauðst pörunum að þiggja freyðivín eða -te og smella af sér mynd í myndakassa.

Allir athafnastjórar gátu verið með og fengið að launum virknieiningu fyrir hverja „vakt“ sem stóð yfir í u.þ.b. þrjár klukkustundir. Athafnastjórnir voru samtals fimm, þau Inga Auðbjörg, Bjarni Snæ, Margrét Harpa, Brynhildur og Erla. Þau skiptu með sér hinum ýmsu verkum og sáu um veitingar og móttöku milli þess sem þau gáfu fólk saman í lögformlegum og rómantískum athöfnum. Guðrún Þóra og Jóna María verkefnastýrðu deginum og gengu líka í hinu ýmsu störf. Þá söng Vigdís Þóra Másdóttir með gítarleik fyrir öll pörin, lag sem hvert par hafði valið sér áður, og Karítas Guðjónsdóttir tók ljósmyndir. Dagurinn heppnaðist með ágætum; hjónaefnin lýstu ánægju sinni og fjallað var um viðburðinn í fréttum á Stöð 2 og RÚV. Tekin hefur verið ákvörðun um að endurtaka leikinn 27. júní 2025.

*Fjölskyldan fagnaði saman í
Ráðhúsi Reykjavíkur
á Hoppað í hnapphelduna .*




63 

nafngjafir

607 

fermingarbarn


325 

hjónavígslur

21 

útfarir





Borgaraleg ferming



Fermingarbörn fá skjal þar sem þeim er óskað til hamingju með að vera gengin í fullorðinna tölu.

Borgaraleg ferming

Fermingarfræðsla

Siðmennt hefur annast borgaralegar fermingar í 35 ár eða allt frá vori 1989. Markmið borgaralegrar fermingar er að styrkja sjálfsmýnd, metnað og uppbyggilegt hugarfar ungmennanna. Fermingarfræðslan miðast við að efla heilbrigð og farsæl viðhorf unglinga til lífsins og búa þeim sem dýrmætast veganesti til framtíðar. Ungmennin sækja ýmist 10 vikna námskeið, námskeið yfir tvær helgar, námskeið heila helgi með gistingu á Úlfjótssvatni, útivistarnámskeið eða listsköpunarnámskeið. Í öllum þessum námskeiðum er kafað í meginstoðir húmanískrar fermingarfræðslu, sem eru: stofninn, sjálfið, samfélagið og samhengið.

*Hefð hefur skapast fyrir því að fá utanaðkomandi
ræðumanneskju til að ávarpa fermingarbörn.
Helga Torfadóttir, jarðfræðingur, var ein þeirra
sem ávarpaði fermingarbörn vorsins 2024.*





Fermingarfræðsla um allt land

Árið 2024 sóttu 607 börn fermingarfræðslu. Í staðnámi fór hún fram í Reykjavík, Hafnarfirði, á Akureyri, á Húsavík, á Ísafirði, í Reykjanesbæ, á Selfossi, á Egilsstöðum og á Akranesi, og er ljóst að eftirspurn eykst jafnt og þétt á landsbyggðinni. Einnig var í boði fjarnám fyrir börn sem búa erlendis eða geta ekki sótt staðnám, og voru þau rúmlega 70. Í ár voru tveir leiðbeinendur með hvern hóp, nema þá allra fámennustu á landsbyggðinni og í fjarnáminu, þar sem einn leiðbeinandi sá um kennsluna. Úlfjótsvatn var vinsælasta námskeiðið, og vörðu tæplega 200 börn þar helgi með Siðmennt.

Fjölbreyttar námsleiðir

Þá voru aftur í boði fjölbreyttar námsleiðir í fermingarfræðslunni með listsköpunarnámskeiði og útivistarnámskeiði. Árið 2025 verður haldið áfram með þetta fjölbreytta framboð. Við breytum listsköpunarnámskeiðinu nú í tvö aðskilin námskeið: leiklist og tónlist. Einnig er boðið upp á nýtt námskeið, íþróttanámskeið. Vinsældir þessara óhefðbundnu námskeiða aukast stöðugt og eftirspurn nú þegar orðin mikil.

Athafnir árið 2024


Fermingarathafnir

Árið 2024 fóru fram 22 athafnir á 13 stöðum víðs vegar um landið. Lágmarksfjöldi fermingarbarna í athöfn í heimabyggð eru þrjú börn, en félagið lítur á það sem mikilvægan lið í því að styrkja stöðu húmanista um allt land að þjónusta félagsfólk og fermingarbörn í heimabyggð sinni. Nægjanlegur fjöldi fermingarbarna náðist til dæmis í ár á Ísafirði, í Borgarnesi, á Hvammstanga, á Austfjörðum, í Vestmannaeyjum og á Höfn, sem er mikið gleðiefni.

Bæjarfélag	Athafnarstaður	Dagsetning
Reykjavík	Silfurberg, Hörpu	16. mars
Reykjavík	Silfurberg, Hörpu	17. mars
Borgarnes	Símenntunarstöðin	23. mars
Akranes	Tónlistarskólinn Tónberg	24. mars
Hvammstangi	Grunnskóli Húnaþings vestra	24. mars
Egilsstaðir	Oddfellow-salurinn	24. mars
Reykjanesbær	FSS	6. apríl
Reykjavík	Silfurberg, Hörpu	13. apríl
Reykjavík	Silfurberg, Hörpu	14. apríl
Selfoss	FSU	14. apríl
Hafnarfjörður	Bæjarbíó	25. apríl
Reykjadalur	Framhaldskólinn á Laugum	11. maí
Ísafjörður	Tónlistarskólinn	18. maí
Vestmannaeyjar	Leikhús Vestmannaeyja	18. maí
Höfn	-	18. maí
Akureyri	Hof	1. júní
Húsavík	Safnahús – sjóminjasafnssal	1. júní



Alþjóðastarf og viðburðir



Alþjóðastarf

Erlent samstarf

Humanists International

Siðmennt á aðild að heimssamtökum húmanista, Humanists International. Aðalfundur Humanists International var haldinn í Singapore 1. september 2024, en dagana á undan var dagskrá fyrir þátttakendur, sem skipulögð var af samtökum húmanista í Singapore. Meðal annars var boðið upp á skoðunarferðir og heimsóknir í stofnanir eins og Harmony in Diversity-safnið. Þar er fjallað um samstöðu þvert á trúarhópa í landinu, sem er sannarlegur suðupottur menningar þegar kemur að trúarlegri fjölbreytni. Þá var haldin ráðstefna um samskipti trúleysingja, húmanista og trúaðra, þar sem fyrirlesarar af svæðinu fjölluðu um málefnið í samhengi við menningu í Singapore og löndunum í kring. Siðmennt sendi einn fulltrúa til Singapore: Ingu Auðbjörgu K. Straumland, formann. Þá tók Inga þátt í óformlegum vinnuhópi um málefni Gasa og viðbrögðum húmanista við þróuninni þar, sem skilar niðurstöðum á nýju ári.

Siðmennt tók einnig þátt í starfsemi European Policy Forum, sem er verkefni sem Humanists International heldur utan um, en er fjármagnað af þátttökusamtökunum. Fulltrúi Siðmenntar í vinnuhópnum er Guðrún Þóra Arnardóttir, framkvæmdastjóri.

European Humanist Service Network

The European Humanist Service Network (EHSN) er samvinnuverkefni 19 evrópskra húmanistafélaga, stofnsett á framkvæmdastjórafundi þessara félaga 23. nóvember 2023. Markmiðið er að samræma og efla starf félaganna á þremur sviðum, húmanískum athöfnum, húmanískri sáluhjálpi og húmanískri ungmennakennslu. Framlag Siðmenntar verður fyrst og fremst í formi vinnuframlags.

Fundur vinnuhópa EHSN var í Antwerpen í lok október og sendi Siðmennt þrjá fulltrúa á fundinn.



Vinnuhópur um húmaníska sálgæslu fundar um hvítbók verkefnisins.

Vinnuhópur um athafnaþjónustu

Árið 2024 var búinn til sameiginlegur rammi utan um þær kröfur sem gerðar eru til að veraldleg gifting teljist húmanísk gifting samkvæmt EHSN. Í lok árs fóru staðlarnir í undirritunarferli meðal húmanistafélaganna og í framhaldinu verður komið á nefnd sem ætlað er að meta þá þjónustu sem hvert félag veitir og kanna hvort hún stenst þær kröfur sem staðlarnir setja.

Vinnuhópur um ungmennastarf og fermingarathafnir

Vinnuhópur EHSN um ungmennastarf og fermingarathafnir hélt ýmis vefnámskeið um málefnið á árinu. Fulltrúi Siðmenntar í vinnuhópnum er Jóna María Ólafsdóttir.

Vinnuhópur um sálgæslu og tilvistarráðgjöf

Þriðji vinnuhópur EHSN heldur utan um málefni húmanískrar tilvistarráðgjafar. Siðmennt tók þátt í starfi hópsins á fundi hans í Antwerpen og var Inga Auðbjörg K. Straumland þátttakandi. Vonir standa til að Siðmennt taki formlegri þátt í starfi hópsins í framtíðinni.

Tengslanet framkvæmdastjóra

Hinn 21. nóvember var haldinn framkvæmdastjórafundur evrópskra húmanistasamtaka í London og fundaði framkvæmdastjóri Siðmenntar með starfssystkinum sínum frá 15 öðrum samtökum. Helsta viðfangsefnið var að skýra fyrirkomulag samstarfsins og stefnuna sem samstarfið og EHSN á að taka á næstu árum. Einnig bauð gestgjafinn, Humanists UK, upp á mjög fræðandi og upplýsandi erindi frá Anna Strhan frá Háskólanum í York. Hún sagði frá rannsóknarverkefni sínu sem kallast á ensku „Becoming non-believers. Explaining atheism in childhood”.

European Humanists Professionals

European Humanist Professionals eru óformleg samtök húmanísk fagfólks; þ.e. þeirra sem starfa við að veita húmaníska þjónustu, launað eða launalaust. Húmanísk þjónusta nær meðal annars yfir athafnaþjónustu, fermingarfræðslu og sálgæslu, en einnig má finna kennara sem kenna húmanísk fræði í grunnskólum sums staðar í Evrópu. Inga Auðbjörg K. Straumland, formaður Siðmenntar, á sæti í stjórn samtakanna. Samtökin önnuðust fjögur netnámskeið á árinu, og var í einu þeirra fjallað um nafngjafarathafnir á Íslandi. Fyrirlesarar voru Bæring Jón Breiðfjörð og Krístrún Ýr Einarsdóttir. Þá bauð EHP upp á málþing í tengslum við vinnufund EHSN í Antwerpen í október, þar sem fjallað var um húmanísk gildi í breyttu pólitísku landslagi, lýðræði og öfgahyggju. Siðmennt sendi tvo fulltrúa á þingið, auk Ingu Auðbjargar.



Finnsku húmanistarnir voru að vonum ánægð með íslenska baðaðstöðu



Norrænt samstarf

Fulltúar norrænna húmanistafélaga hittast árlega og Síðmennt bauð fulltrúunum til sín árið 2024 og fór fundurinn fram helgina 4.-5. maí. Þar var farið yfir vinnuna sem við Heimsþing húmanista, hvað var vel heppnað og hvað hefði mátt gera betur. Þá voru haldnar vinnustofur um tilgang samstarfsins og stefnuna sem það á að taka. Einnig var farið í heimsókn á Alþingi þar sem þingmennirnir Andrés Ingi Jónsson og Brynhildur Björnsdóttir leiddu gesti um húsakynninn, kynntu starfseminu og sögðu áhugaverðar og skemmtilegar sögur.



Siðmennt hósti fulltrúafund húmanískra félagasamtaka á Norðurlöndunum.

Viðburðir á árinu

Þingsetningarathöfn

Árleg þingsetningarathöfn Siðmenntar fór fram þingsetningardaginn 10. september frá kl. 11.45 til 12.45. Siðmennt bauð forseta Íslands, ráðherrum og þingfulltrúum til húmanískrar þingsetningarathafnar í hádeginu þriðjudaginn 10. september vegna setningar Alþingis. Athöfnin fór fram í sal á Parliament hotel og var boðið upp á snittur og sæta bita.

Athöfnin hófst með ávarpi formanns Siðmenntar, Ingu Auðbjargar Straumland. Að því loknu flutti Guðrún Jóna Guðlaugsdóttir hugvekjju. Hún er hjúkrunarfræðingur og verkefnastjóri sjálfsvígsforvarna hjá Lífsbrú – miðstöð sjálfsvígsforvarna hjá Embætti landlæknis, og handhafi Lýðheilsuverðlauna forseta Íslands 2024. Vilhjálmur Ósk Vilhjálms flutti tónlist listilega ásamt Inga Bjarna Skúlasyni, píanóleikara.

10. september er Guli dagurinn, dagur vitundarvakningar um geðrækt og sjálfsvígsforvarnir, og af því tilefni klæddust margir gestanna gulu og sýndu með því samstöðu um mikilvægi forvarna gegn sjálfsvígum.

Vísindaferð heimspekinema

Föstudaginn 27. september kom góður hópur af gallvöskum heimspekinemum úr nemendafélaginu Soffíu í heimsókn á skrifstofu Siðmenntar, og fengu kynningu á starfsemi félagsins. Sigurður Rúnarsson fór yfir sögu Siðmenntar og starfsfólk skrifstofu, Guðrún, Heiðrún og Jóna María, sögðu frá starfinu. Síðan stýrði Árni Grétar, athafnastjóri, leikjum sem vöktu mikla lukku meðal nemanna.

*Christian Lomsdalen, forseti
norsku húmanistasamtakanna,
fjallaði um undanþágur frá
trúarbragðafræðslu í skólum á
viðburðinum Efast á kránni.*

Efast á kránni

Síðustu ár hefur Siðmennt staðið fyrir viðburðunum Efast á kránni þar sem húmanistar koma saman til að hlýða á fyrirlestur og skeggræða. Viðburðurinn sneri aftur 23. nóvember 2023 og var endurtekinn 3. maí 2024. Þar ræddi Christian Lomsdalen, forseti norsku húmanistasamtakanna (Human-Etisk Forbund) og doktorsnemi við háskólann í Bergen, um trúarbragðafræðslu í skólum og réttinn til að vera undanþegin henni á trúarlegum forsendum. Viðburðurinn var vel sóttur og fundarmenn fóru ánægðir heim.

Sumarhátíð

Þriðjudaginn 6. ágúst var haldin Regnbogahátíð Siðmenntar í tilefni af hinsegindögum sem þá hófust. Síðustu ár hefur hátíðin verið haldin í kringum sumarsólstöður en ákveðið var að færa hana lengra inn í sumarið þetta árið til að fagna hátíð fjölbreytileikans.

Hátíðin var haldin á Klambratúni og var boðið upp á pylsur, bulsur, drykki, hoppukastala og blöðrudýr frá Bláðraranum. Úrhellisrigning setti aðeins strik í reikninginn en þrátt fyrir hana voru tæplega 100 pylsur grillaðar og um 65 vatnsheldir húmanistar komu og glöddust með okkur þennan eftirmiðdag.

Vetrarsólstöðuhugvekja

Á vetrarsólstöðum, 21. desember, stysta degi ársins og jafnframt þeim degi sem ný ríkisstjórn var mynduð var flutt hugvekja í boði Siðmenntar á RÚV. Inga Auðbjörg Straumland samdi hugvekjuna og flutti hana, og þökkum við RÚV fyrir þetta tækifæri til fræðslu og umræðu.





**Baráttan fyrir
veraldlegu
samfélagi**

Samstarf innanlands

Samráðsvettvangur trúar- og lífsskoðunarfélaga

Siðmennt tók sem áður þátt í Samráðsvettvangi trúfélaga og lífsskoðunarfélaga. Með þátttöku í þessum óformlegu samtökum gefst annars vegar kostur á að gæta hagsmuna félagsins gagnvart ríkinu hvað varðar skráningu í félögin og greiðslu hinna svokölluðu sóknargjalda, en hins vegar fylgjum við á þessum vettvangi fram mannréttinda- og trúfrelsisstefnu félagsins.

Á árinu 2024 fór óvenjulítið fyrir starfsemi vettvangsins en þó voru haldnir nokkrir samráðsfundir. Fyrir tilstilli vettvangsins voru lagfærð tæknileg atriði við skráningu í trúar- og lífsskoðunarfélög — sem leiddi til þess að nú er hægt að skrá sig skriflega en ekki einungis stafrænt með persónuauðkennum. Þetta varðar praktískt einkum félög sem innflytjendur sækja til í talsverðum mæli.

Undanfarin misseri hefur verið rætt um að gera vettvanginn að formlegum samtökum en undirbúningur hefur gengið hægt. Í lok árs var þó gerð gangskör að lagadrögum fyrir samtökin og ef allt fer að óskum hafa þau verið stofnuð formlega þegar aðalfundur Siðmenntar verður haldinn. Hefur fulltrúi Siðmenntar starfað í þeim hópum sem valist hafa til þessara verka. Stjórn Siðmenntar hefur ákveðið að félagið eigi aðild að hinum nýju samtökum.

Fulltrúi Siðmenntar af hálfu stjórnar starfsárið 2024-2025 hefur verið Möður Árnason, og til vara Sigurður Rúnarsson.

Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma

KGRP eru samkvæmt lögum sjálfseignarstofnun safnaðanna í Reykjavík, Kópavogi og Seltjarnarnesbæ og þar starfa rúmlega þrjátíu starfsmenn við rekstur og þjónustu kirkjugarða. Kirkjugarðastjórn er skipuð einum fulltrúa frá hverjum söfnuði sem hefur 1500 eða fleiri einstaklinga sem eru 16 ára eða eldri.

Siðmenntarfulltrúi

Fulltrúi Siðmenntar í stjórn „Kirkjugarða Reykjavíkurprófastdæma“ árið 2024 var Sigurður Rúnarsson og þar er hann einn af tuttugu og fimm fulltrúum kirkjusókna og lífsskoðunarfélaga. Fundað er tvisvar á ári eða eftir því sem þörf krefur.

Nýtt merki KGRP

Það helsta sem gerðist í starfsemi KGRP á árinu var að nýtt merki og útlit heimasíðu var kynnt og tekið í notkun. Nafni stofnunarinnar var einnig óformlega breytt á heimasíðu og í markaðsefni úr Kirkjugarðar Reykjavíkurprófastsdæma í Kirkjugarðar Reykjavíkur. Það er sannarlega vísir að breyttum tímum að starfsfólk og stjórn stofnunarinnar hefur nú breytt ásjónu hennar þannig að hinn trúarlegi kross er horfinn úr merkinu og öllu prentuðu efni 92 árum eftir að stofnunin var sett á laggirnar af ríki og sóknarnefnd Reykjavíkurprestakalls og safnaðarstjórnar Fríkirkjusafnaðarins árið 1932.

Fjölmenningarlega hlutverk

Stofnun sem þessi sinnir nú mun stærra og víðtækara hlutverki en hún gerði áður og þjónustan nær til mun fjölbreyttari hóps en í upphafi. Nútímasamfélagið á Íslandi, og þjónustusvæði KGRP, er í stöðugri þróun og verður sífellt fjölbreyttara hvað varðar uppruna, þjóðerni og trúar- og lífsskoðanir. Fjölmenningarlegt samfélag krefst því breyttra áherslna á flestum sviðum. Lykilþættir fjölmenningsamfélaga eru virðing fyrir fjölbreytileika, jafnrétti og innihaldsrík fjölmenningarleg samskipti. Aukinni alþjóðavæðingu fylgir aukinn búferlaflutningur milli



landa, og nú er meira en 20% íbúa höfuðborgarsvæðisins af erlendum uppruna. Því ber að fagna að starfsfólk KGRP hafi lagst í þessa vinnu og komist að þessari niðurstöðu.

Enn mætti þó margt betur fara og munu Siðmennt og fulltrúar hennar halda áfram að koma sjónarmiðum félagsins á framfæri með stjórnarsetu sinni og á opinberum vettvangi, svo sem með kröfu um að boðið sé upp á aðgengi að trúar- og lífsskoðunarhlutlausum athafnarýmum. Það er ekki raunveruleikinn nú í þeim þremur athafnarýmum KGRP sem fólki stendur til boða að nýta við athafnir.

Aðkoma að rekstri annarra grafreita

Sem lífsskoðunarfélag með félagi á öllu landinu skrifaði stjórn Siðmenntar bréf til nokkurra annarra kirkjugarðsstjórna haustið 2024 og falaðist eftir því að fá að taka sæti í stjórn þeirra með vísan í 9. grein III. kafla laga um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu nr. 36/1993. Svör hafa borist frá mörgum stjórnanna og er félagið í samtali við þær um framhaldið.

Mannréttindaskrifstofa Íslands

Kristín Helga Schiöth var fulltrúi Siðmenntar fyrstu mánuði ársins. Siðmennt tók ekki sæti sitt á aðalfundi Mannréttindaskrifstofunnar árið 2024.

Ályktanir

30. janúar - Yfirlýsing þar sem stjórnvöld voru hvött til að taka á móti fólki frá Gaza. [Yfirlýsing á vef Siðmenntar.](#)

Fréttir

[Viðtal við Ingu Auðbjörgu um Hoppað í hnapphelduna.](#)
[Umfiðun um Hoppað í hnapphelduna á Vísi.](#)
[Viðtal við Magréti Gauju, athafnastjóra.](#)



Fjármál

Fjármál

Fjárframlög frá ríkinu

Fjárhagslegur rekstrargrundvöllur Siðmenntar styrkist frá ári til árs eftir því sem félögum fjölgar og hlutdeild félagsins í sóknargjöldum ríkisins eykst. Sóknargjöld ársins 2024 námu 73.205.488 kr. en voru til samanburðar 67.359.152 kr. árið 2023.

Fjárhagsleg staða félagsins er jákvæð og var óráðstafað eigið fé í lok árs 23,6 milljónir kr. Hagnaður félagsins var 2,4 milljónir en árið á undan var hagnaður 7,8 milljónir.

Aðrar tekjur

Stærsti einstaki tekjuliður félagsins, að sóknargjöldum undanskildum, eru tekjur fyrir borgaralega fermingu, og voru tekjur af henni 44 milljónir kr. síðastliðið ár. Á móti kemur umtalsverður kostnaður. Alls nam kostnaður vegna borgaralegra ferminga árið 2024 50,9 m.kr. og þá er ekki tekið tillit til launakostnaðar skrifstofu vegna ferminga.

Alls voru tekjur ársins 156,5 m.kr. samanboreið við 141.708.578 m.kr. árið áður. Skýrist þessi vöxtur fyrst og fremst annars vegar af hækkun sóknargjalda og af auknum tekjum af borgaralegum fermingu og athafnaþjónustu vegna verðhækkana.

Helstu kostnaðarliðir

Stærsti kostnaðarliður ársins eru laun og launatengd gjöld eða tæplega 51 m.kr., samanboreið við 42,3 m.kr. árið áður. Skýrist þessi hækkun af kostnaði vegna mikilla breytinga í starfsmannamálum. Gjöld vegna athafnaþjónustu voru 33,7 m.kr. og höfðu þau lækkað um 3,7 milljónir á milli ára. Gjöld vegna borgaralegra ferminga voru 50,9 milljónir samanboreið við 42,3 m.kr. árið áður. Skýrist þessi hækkun af auglýsingaverkefni sem lagst var í. Gjöld sem falla undir annan rekstrarkostnað hækkuðu á milli ára eða úr 17,7 milljónir í 20 milljónir.

Góðgerðamál

Alls voru greiddar kr. 967.903 í gjafir og styrki á árinu. Hæsti styrkurinn var veittur til Solaris - Hjálparsamtaka f. hælisleitendur sem veittur var til að aðstoða samtökin við að sækja einstaklinga frá Palestínu sem höfðu fengið dvalarleyfi á Íslandi.

Ársreikningar

Bókhaldsfyrirtækið Pálsson og co tók við bókhaldsþjónustu Siðmenntar 2019, og hefur nú unnið ársreikning félagsins í sjötta sinn. Fylgir hann hér á eftir.

Helstu niðurstöður eru að tekjur ársins voru í heild 156.575.887 kr., en gjöld 155.692.203 kr. Þegar fjármagnsgjöld eru reiknuð inn í hagnað ársins nemur hann 2.355.967 kr., samanboreið við 7.798.996 kr. árið 2023. Rekstur félagsins er í góðu jafnvægi sem hefur verið gert mögulegt með því að grípa til ýmissa ráðstafana til hagræðingar auk þess sem kostnaðarsömum viðbörðum var ýmist sleppt eða voru minnkaðir í sniðum.

Áritun endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Siðmennt

Ég hef aðstoðað við gerð ársreiknings Siðmenntar fyrir árið 2024 byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning og skýringar.

Ég hef skipulagt og hagað vinnu minni í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410 sem fjallar um aðstoð við gerð ársreiknings.

Ég hef notað faglega þekkingu mína á sviði reikningsskila og ársreikningsagerðar til að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning í samræmi við lög um ársreikninga. Ég hef fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni og faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög um ársreikninga.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ársreikningurinn og þær upplýsingar sem honum fylgja, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins.

Þar sem aðstoð við gerð ársreikningsins er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að ég staðfesti nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veiti ég hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga.

Reykjavík, 27. febrúar 2025

Sigurður S. Pálsson

Löggiltur endurskoðandi

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi félagsins er rekstur lífskoðunarfélags. Fjöldi ársverka voru 3.

Rekstrartekjur félagsins námu 156,6 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 141,7 millj. kr.) og hækkuðu því um 14,9 millj. kr. milli ára eða um 10,49%. Hagnaður félagsins á árinu 2024 nam 2,4 millj. kr. (2023 Hagnaður: 7,8 millj. kr.).

Eigið fé félagsins nam 23,6 millj. kr. í árslok (árslok 2023: 21,2 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé að nafnverði 0 þús. kr. (2023: 0 þús. kr.). Í árslok var eiginfjárlutfall félagsins 38,17% (2023: 39,19%).

Það er álit stjórnar og framkvæmdastjóra Siðmenntar að í ársreikningi þessum komi fram allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Siðmenntar staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2024 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. febrúar 2025

Inga Auðbjörg K. Straumland
Formaður

Rekstrarreikningur

Rekstrartekjur	Skýring	2024	2023
Félagsgjöld	5.	75.856.648	68.531.392
Tekjur af borgaralegri fermingu	6.	44.162.073	39.723.469
Aðrar tekjur	7.	36.557.166	33.453.717
Rekstrartekjur samtals		156.575.887	141.708.578
Rekstrargjöld			
Borgaraleg ferming	8.	50.938.838	36.526.674
Aðrar athafnir	11.	33.718.552	37.458.729
Laun og launatengd gjöld	9.	50.958.808	42.323.389
Annar rekstrarkostnaður	10.	20.076.005	17.777.536
Rekstrargjöld samtals		155.692.203	134.086.328
Rekstrarhagnaður		883.684	7.622.250
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		1.792.339	424.975
Vaxtagjöld		-320.056	-248.229
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals		1.472.283	176.746
Hagnaður ársins		2.355.967	7.798.996

Efnahagsreikningur

Eignir

Fastafjármunir	Skýring	2024	2023
Varanlegir rekstrarfjármunir	3.	10.618.302	10.618.302
Viðskiptavild		496.000	496.000
Fastafjármunir samtals		11.114.302	11.114.302
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		14.073.576	23.321.587
Aðrar skammtímakröfur		182.023	93.495
Handbært fé		36.377.984	19.604.485
Veltufjármunir samtals		50.633.583	43.019.567
Eignir samtals		61.747.885	54.133.869

31. desember 2024

Eigið fé og skuldir

Eigið fé		2024	2023
Afkoma ársins	4.	2.355.967	7.798.996
Óráðstafað eigið fé (ójafnað tap)	4.	21.215.159	13.416.163
Eigið fé samtals		23.571.126	21.215.159
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		3.023.931	1.020.591
Fyrirframinnheimtar tekjur		33.099.021	30.341.842
Ógreitt v. starfsmanna	12.	1.744.922	1.204.017
Aðrar skammtímaskuldir		308.885	352.260
Skammtímaskuldir samtals		38.176.759	32.918.710
Skuldir samtals		38.176.759	32.918.710
Eigið fé og skuldir samtals		61.747.885	54.133.869

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Siðmennt er líffskoðunarfélag. Lögheimili félagsins er að Laugarvegi 178, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum. Stjórnendur félagsins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að félagið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

b. Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

2. Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til félagsins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti. Tekjur eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds að frádregnum afsláttum og sköttum.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

3. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrnun ef hún er til staðar. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði, miðað við eignarhaldstíma á árinu. Hrakvirði, nýtingartími og afskriftaraðferðir eru endurskoðaðar við lok hvers reikningsárs.

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki	Hugbúnaður	Samtals
Stofnverð 1/1	1.499.588	9.118.714	10.618.302
Bókfært verð 31/12	1.499.588	9.118.714	10.618.302
Stofnverð alls 31/12	1.499.588	9.118.714	10.618.302
Bókfært verð 31/12	1.499.588	9.118.714	10.618.302

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	21.215.159	21.215.159
Afkoma ársins	2.355.967	2.355.967
Eigið fé 31/12	23.571.126	23.571.126

Sundurliðanir

	2024	2023
5. Félagsgjöld		
Félagsgjöld innheimt af ríkissjóði	73.205.488	67.359.152
Félagsgjöld önnur	2.651.160	1.172.240
	75.856.648	68.531.392
6. Tekjur af borgaralegri ferminu		
Borgaraleg ferminu	44.162.073	39.723.469
	44.162.073	39.723.469
7. Aðrar tekjur		
Gifting	29.493.832	25.564.668
Nafngjöf	3.119.550	3.754.049
Útför	1.800.000	1.840.000
Akstur og fl. útselt	2.143.784	2.295.000
	36.557.166	33.453.717
8. Borgaraleg ferminu		
Húsaleiga v. athöfn BF	9.718.981	5.603.375
Húsaleiga v. námskeið BF	7.442.764	6.556.155
Skírteini og dagskrár BF	280.958	290.158
Ferminarstjórn BF	3.820.700	2.394.600
Kynningarefni og auglýsingar BF	8.014.302	333.000
Fræðsla BF	16.645.028	16.170.756
Kennsluráð og þjálfun BF	1.836.400	180.900
Ræðumaður BF	450.000	668.000
Ljósmyndari BF	502.200	356.200
Tónlist BF	763.300	462.406
Akstur BF	958.990	865.696
Skreyting á sal BF	217.723	54.297
Annað v. BF	237.492	1.800.371
BF Rekstrarkostnaður	50.000	790.760
	50.938.838	36.526.674
Hagnaður / (tap) af borgaralegri ferminu [*]	-6.776.765	3.196.795

Siðmennt

Ársreikningur 2024

9. Laun og launatengd gjöld

	2024	2023
Laun	39.255.389	33.144.258
Bifreiðarstyrkur	1.637.858	25.058
Dagpeningar	965.170	431.278
Önnur launatengd gjöld	9.100.391	8.446.523
Kostnaður vegna ráðninga	0	276.272
	<u>50.958.808</u>	<u>42.323.389</u>

10. Annar rekstrarkostnaður

Rekstur áhalda og tækja

Tölvu- og símabúnaður	320.124	366.290
Áhöld og skrifstofuvörur	743.289	144.672
Rekstur tölvukerfis án vsk	1.483.105	1.405.818
Hugbúnaður án vsk	1.456.321	1.397.616
	<u>4.002.839</u>	<u>3.314.396</u>

Skrifstofukostnaður

Síma og Internetkostnaður	565.819	1.035.185
Húsaleiga	2.332.547	2.256.834
Trúfrelsiskönnun	1.153.200	0
Auglýsingar	146.321	474.125
Stafræn þjónusta	0	617.422
Rekstrarvörur og smááhöld	733.673	439.585
	<u>4.931.560</u>	<u>4.823.151</u>

Viðburðir og alþjóðastarf

Ráðstefnur og málþing	2.571.182	1.008.237
Kynningastarf - Hnapphelda	426.383	282.105
Þingsetningarathöfn	715.700	435.500
Vetrarsólstöðuhátíð	40.000	50.000
Erlent samstarf	0	43.530
Þátttaka í erlendu samstarfi (aðildargj)	355.840	296.815
Heimsþing í Kaupmannahöfn	0	2.497.916
Sumarhátíð	186.037	0
	<u>4.295.142</u>	<u>4.614.103</u>

Aðkeypt þjónusta

Bókhald og reikningsskil	1.118.915	1.097.182
Ársreikningur og tilf. kostn.	860.714	959.760
Aðkeyptur akstur sendi- og leigubifreiða	80.600	0
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	2.283.345	620.000
	<u>4.343.574</u>	<u>2.676.942</u>

Siðmennt

Ársreikningur 2024

Stjórnun og umsýsla

	2024	2023
Athafnastjórar - aðrar athafnir	0	75.000
Símenntun athafnastjóra	56.100	473.548
Funda og viðskiptakostnaður án vsk	1.457.987	1.202.199
Útvarpsgjald	20.900	20.200
	<u>1.534.987</u>	<u>1.770.947</u>

Gjafir og styrkir

SOLARIS - Hjálparsamtök f. hælisleitendur styrkur	500.000	0
SOLARIS - Hjálparsamtök f. hælisleitendur viðurkenning	200.000	0
Unicef	20.000	25.000
Geðhjálp viðurkenning	200.000	0
Humanista viðurkenning verðlaun og blóm	17.903	335.190
Humanists at risk (styrkur)	0	177.427
Aðrar gjafir og styrkir	30.000	40.380
	<u>967.903</u>	<u>577.997</u>

Samtals annar rekstrarkostnaður

20.076.005 **17.777.536**

11. Athafnaþjónusta

Rekstrarkostnaður Gifting	7.512.588	9.249.716
Athafnastjórar Gifting	21.633.144	21.647.000
Rekstrarkostnaður Nafngjöf	201.848	255.176
Athafnastjórar Nafngjöf	2.865.000	4.861.040
Rekstrarkostnaður útför	80.372	433.797
Athafnastjórar útför	1.425.600	1.012.000
	<u>33.718.552</u>	<u>37.458.729</u>

Niðurstaða úr athöfnum [*]:

	2024	2023
Hagnaður / (tap) af giftingum	348.100	-5.332.048
Hagnaður / (tap) af nafngjöf	52.702	-1.362.167
Hagnaður / (tap) af útförum	294.028	-1.445.797
Hagnaður / (tap) athafnaþjónustu	694.830	-8.140.012

12. Skammtímaskuldir

Ógreiddur lífeyrissjóður	733.648	520.210
Ógreidd staðgreiðsla og tryggingagjald	1.011.274	683.807
	<u>1.744.922</u>	<u>1.204.017</u>

[*] án tillits til launakostnaðar fastráðinna starfsmanna

